



Mörkin lögmannsstofa hf.

Mosfellsbær
b.t. Ólafs Melsteð, skipulagsfulltrúa
Þverholti 2
270 Mosfellsbæ

Reykjavík, 12. júní 2018

Ég vísa til umsóknar verkfræðistofunnar Mannvits, dags. 23. september 2016, f. h. Arnars Hannesar Gestssonar sem landeiganda, þar sem óskað er eftir breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar, nánar tiltekið að fyrirhugað efnistökusvæði í Hrossadal í landi Miðdals, verði sett inn á Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2002-2024.

Með vísan til samtals okkar óska ég eftir að umsóknin verði tekin til afgreiðslu. Ég tek fram að umbjóðandi minn telur öll rök standa til þess að samþykkja umsóknina. Hann telur að ekki séu til staðar hindranir sem réttlæti annað. Í stað þess að færa hér fram ítarlegan rökstuðning vísa ég til framlagðra gagna, einkum kynningar verkfræðinga Mannvits fyrir skipulagsnefnd síðastliðið haust, en kynningunni var einnig skilað skriflega. Umbjóðandi minn veit því ekki annað en að allar upplýsingar liggi fyrir. Telji skipulagsnefnd að eitthvað vanti upp á upplýsingar, eða óski hún eftir nýrri kynningu í ljósi mannaþreyinga, þá óskast haft samband við undirritaðan vegna þess.

Virðingarfyllst,
f. h. Arnars Hannesar Gestssonar,

Gísli Guðni Hall, hrl.